

Félagsfundur FÍR 6/6 2019

Táknmálstúlkar eru á fundinum að ósk félagsmanns.

Borgbór formaður FÍR setur fundinn 18:05

Leggur til að hann sjálfur verði fundarstjóri og Andri ritari og því er ekki andmælt.

Borgbór fer yfir hvernig samninganefnd RSÍ er skipuð – Kristján formaður RSÍ sem talsmaður iðnaðarmannafélaganna – auk hans voru Borgbór Hjörvarsson formaður FÍR og Jakob Tryggvason formaður FTR á fundum sáttasemjara. Borgbór taldi svo upp hverjir væru í samninganefnd RSÍ frá FÍR.

Fulltrúar FÍR í samninganefnd RSÍ:

- Þór Ottesen
- Andri Reyр
- Guðmundur Ævar
- Borgbór Hjörvarsson
- Kristján Helgason
- Adam Kári

Borgbór fer yfir kjarasamninga og telur upp kosti þessara samninga.

Leggur áherslu á valkvæða styttingu sem starfsmenn geta fengið fram sjálfir árið 2022.

Fer yfir hverjir fengu að kjósa um almenna samningin

- Kjörskrá 3571
- Já sögðu 840
- Nei sögðu 816
- 794 kusu frá FÍR og var það 59,3% kosningaþáttaka innan FÍR
- Þau sem kusu frá FÍR voru 46,4% af öllum sem kusu

Borgbór óskar eftir spurningum úr sal

Helgi spyr hvort kynningarefni um samningin hafi verið sent út á ensku og pólsku

- Borgbór svarar að það hafi verið fundur á pólsku
- Ísleifur svarar því til að efnið hafi verið sent út á ensku og pólsku

Spurt er úr sal hvort fundagerðir frá samninganefndum iðnaðarmannafélaganna séu aðgengilegar?

- Borgbór svarar því til að hann viti það ekki en muni kanna málið

Spurt er úr sal hvenær og hver hafi samþykkt að kosið yrði sameiginlega innan sambandsins



- Borgbór svarar að það hafi verið samkvæmt lögum RSÍ

Spurt er úr sal hvort eining sé um samningin innan stjórnar og trúnaðarráðs FÍR

- Borgbór svarar að það sé ekki og að FÍR hafi verið tilbúið að fara fram sjálfir ef samningar hefðu verið felldir

Spurt er af hverju var farið með hinum iðnaðarmannafélögunum í samningana

- Borgbór svarar því til að það hafi ekki gengið vel í síðustu samningum en hafi verið talið betra núna fyrir okkar félagsmenn
- Spurt er hvort formaður FÍR sé sáttur við samningin
- Borgbór svarar að ekki hafi verið talið að þau kæmust lengra með samningin án átaka
- Spurningin er endurtekin hvort Borgbór sé sáttur með samningin
- Borgbór svarar að það sé margt ágætt í samningnum en margt sem hefði mátt vera betra
- Spurningin er endurtekin hvort Borgbór sé sáttur með samningin
- Borgbór endar með að viðurkenna að hann sé ekki sáttur með samningin
- Þá er spurt af hverju hafi hann skrifað undir samningin (klappað í sal)
- Spurt er af hverju var formaður tilbúin að taka slaginn ef félagsmenn myndu fella hann en af hverju hafi hann ekki verið tilbúin að taka slaginn strax
- Úr sal telur félagsmaður að formaður sé ekki hæfur til að leiða sveinafélag
- Tillaga um að gera könnun meðal félagsmanna og í framhaldi til þess að reyna að rifta samningi
- Minnst á lagagrein þar sem framselja þurfi samningsréttinn með félagsfundi
- Formaður segir að eina staðnum þar sem hann hafi orðið var við óánægju með samningin sé á íslenskir rafvirkjar síðunni á FB – tekur fram að sú síða stjórnin ekki félaginu
- Hilmar talar um óeiningu innan RSÍ og þann möguleika að FÍR gangi úr sambandinu og hvort næsti félagsfundur verði um það málefni
- Skoðanakannanir sem þarf að framkvæma meðal félagsmanna og kanna vilja þeirra um þessi málefni
- Borgbór telur að ekki þurfi að gera skoðanakannanir meðal félagsmanna
- Gangrýnt að formaður vilji ekki vita hver vilji félagsmanna er
- Fjöldi samninga innan RSÍ gangrýndur

- Almenn óánægja með samninginn á fundinum

- Fékk samninganefndin heimild okkar trúnaðarráðs (trúnaðarráðs FÍR)

- Borgbór segir ekki svo vera

- Ábending úr sal að samninganefnd FÍR sé óheimilt að skrifa undir samning nema með samþykki trúnaðarráðs FÍR

- Mikil gagnrýni á að formaður hafi skrifað undir kjarasamning án samþykkis trúnaðarráðs

- Spurt hvort formaður vilji ekki vera með okkur félagsmönnum í liði í stað þess að standa þarna og vera í vörn



- Eru forsendur samningsins þá brosnar – Skorað á formann félagsins að vinna fyrir félagsmenn FÍR
- Spurt um verstu hliðar samningsins er bent á sölu á yfirvinnu – 60% yfirvinna ofl, sala á kaffitímum
- Þór tekur fram að kaffitímar hafi áður verið seldir
- Spurt hvort það séu viðurlög við því að brjóta lög félagsins – spyrja hvort formaður vilji vera áfram í stjórn
- Stungið upp á að fá þriðja aðila til þess að svara um það hvort lög félagsins hafi verið brotin.
- Bent á að það sé skrítið að trúnaðarráð hafi ekki viljað samningin en formaður hafi samt farið og kvittað undir samninginn
- Hitaumræður um kjarasamninginn, ekki náðist að rita hvert orð sem sagt var á þessum tímamarki vegna þess hve margir voru að tjá sig og kominn mikill hiti í fundarmenn
- Hefði verið sniðugt að taka mark á trúnaðarráði
- Þór bendir á ekki hafi allir í samninganefnd skrifað undir kjarasamninginn
- Spurt hvort formaður hafi skrifað undir samning sem hann vonaðist svo til að félagsmenn myndu fella hann
- Hilmar bendir á að FÍR hafi fengið litlar undirtektir frá hinum félögnum miðað við kosningu hinna félaganna (Eini bleiki fíllinn í partýinu)
- Bent er á að það sé ekki rétt að skrifa undir samning og halda því fram að ekki sé hægt að komast lengra án þess að láta reyna á verkfall
- Enn bent á hvers vegna hafi verið kvittað án samþykkis samninganefndar og trúnaðarráðs
- Ábending úr sal að tvö sveinspróf hjá VM gildi til launa
- Adam svarar til að þær tillögur hafi aldrei komið til á félagsfundum RSÍ
- Spurt um hækkun á ákvæðisvinnu
Andri svarar því til að það sem hafi verið samið um við SART hafi verið strikað út með einu pennastríki
- Spurt er hver hafi strikað svona út og hvers vegna
- Svarað til að SART hafi ekki samningsréttinn og virðist sem SA hafi getað strikað þetta úr án andmæla frá RSÍ – ákvæðisvinnustofa sem kom að samningunum sem ráðgjafi hafi ekki verið látin vita af þessu
- Spurt hvort við verðum ekki að semja sjálfir fyrir FÍR – Bent á að SART þyrfti að fara úr SI
- Þór spurður hvers vegna sé verið að semja við SART ef aldrei er tekið mark á því
- Samflot iðnaðarmanna skilaði okkur engu – Munum við gera það aftur?



- Var ekki örugglega könnun meðal félagsmanna FÍR/RSÍ um vilja fyrir samfloti iðnaðarmanna??
- Þarf FÍR ekki að taka samningsumboð sitt til baka
- Borgbór telur að það þurfi að breyta lögum RSÍ til þess að fá samningsumboðið til baka
- Þór telur að þurfi að fá það á hreint hvað þarf til að draga okkur úr þessu samstarfi við RSÍ
- Gauti bendir á að hægt sé að samþykkja lög á sambandsjórnarfundi, þau þarfnist svo staðfestingar þings RSÍ
- Lagt til að þurfi að komast að hvað þarf að gera til þess að fá samningsumboð til baka – Skoða hvað það þýðir að ganga út úr RSÍ
- Tillaga Borgbórs um að það þurfi að boða til fundar í haust eftir sumarfrí og vera þá búnir að kanna allar lagalegar hliðar og kynna fyrir félagsmönnum
- Borgbór talar um tvö þrep af yfirvinnu 80% og 100% í nýja samningnum
- Borgbór minnst á hækkun sem kemur 1.apríl 2020 – Þar er bent á að við getum alveg eins selt tímann á 30000 kr og sagst vinna 10 tíma á mánuði en unnið áfram 173
- Ábending að það sé verið að semja fyrir rafvirkja!! Eigi ekki að benda endalaust á einhverja verkamenn og fleira – Áhættur sem fylgja starfinu ættu að vera metnar til launa
- Menntun rafvirkja meiri en pípara og annarra – Hærri laun á norðurlöndum hjá rafvirkjum – áhættur ofl, meistaranám rafvirkja lengra og þar fram eftir götum – Rafvirkjar hafa dregist aftur úr!! Þarf að fara að setja hærri kröfur og verða harðari í okkur kröfum.
- Af hverju eru ómenntaðir tæknimenn í tölvulögnum seldir út hærra en menntaðir rafvirkjar! (Þór)
- Gísli ber upp þrjár tillögur
- Tillaga 1
- Að forysta FÍR láti framkvæma traustverða könnun meðal félagsmanna sem heyra undir almenna samninginn, þar sem afstaða þeirra til samningsins er athuguð.
- Könnun þessi sé framkvæmd eins fljótt og auðið er.
-
- Tillaga 2
- Að forysta FÍR láti framkvæma hlutlausa úttekt lögfræðinga á framkvæmd atkvæðagreiðslu, þar sem lögmæti kosningarinnar og framkvæmd hennar verði könnuð að öllu leyti.
- Í þessari úttekt verði sérstaklega skoðað hvort undirritun samnings og atkvæðagreiðsla og framkvæmd hennar sé í samræmi við öll lög og reglur sem um hana gilda, og almenn vinnubrögð. Að kærur sem bærust vegna atkvæðagreiðslu um samninginn séu skoðaðar með því tilliti hvort þær hafi verið hlotið efnislega meðferð og réttmæta niðurstöðu.
- Á sama tíma sé opnaður vettvangur þar sem félagsmönnum verður gert kleift að senda inn athugasemdir við samningsgerðina, kosninguna og framkvæmd hvoru tveggja.
- Verði þær athugasemdir sem berast skoðaðar við gerð áðurnefndrar úttektar.
- Að áðurnefnd úttekt skili því álit hvort grundvöllur eða lagaleg heimild sé fyrir riftun samnings.
-
- Tillaga 3
- Að forysta FÍR hefji þá vinnu að draga sig út úr samfloti iðnaðarmanna í næstu kjaraviðræðum og stefni að því að semja fyrir sjálf sig, á sínum forsendum út frá sinni kröfugerð utan áðurnefnds samflots. Borgbór les og ber tillögur upp fyrir fundinn
- Fyrsta tillaga samþykkt af megin þorra fundarmanna, engin á móti
- Önnur tillaga samþykkt af megin þorra fundarmanna, engin á móti
- Þriðja tillaga samþykkt af megin þorra fundarmanna, engin á móti



- Andi tillögu þrjú er að FÍR komi í veg fyrir að 9.grein laga RSÍ verði til þess að FÍR framselji ekki samningsrétt sinn.
- Tillaga að FÍR beiti sér fyrir því að félagsmenn megi ekki vinna einir við straumhafandi búnað eða nálægt straumhafandi svæði – Lagt til að þetta verði tekið fyrir í öryggisnefnd og þá í framhaldi lagt fyrir aðalfund ef þörf er á - Jökull Harðarson lagði fram
- Spurning úr sal varðandi teikniréttindi, 35A eða 63A fyrir rafvirkja
- Borgbór segir að starfmaður Rafmenntar hafi verið að vinna þetta verkefni en hann viti ekki hversu langt hann hafi verið kominn með það, þeim starfsmanni hafi nú verið sagt upp
- Mikil vilji fyrir því að rafvirkjar fái teikniréttindi að 63A – umræður um teikniréttindin, Andri segir ef vilji félagsmanna sé til staðar þurfi að fara í þetta mál þar sem það hafi líklegast ekki verið langt komið hjá starfsmanni Rafmenntar
- Öryggislás klipptur, mikil óánægja með það - umræður
- Helgi svarar því til að þetta mál hafi verið tekið alla leið innan RSÍ og að hann sjálfur hefði persónulega vilja fara mikið lengra með málin, name and shame og þar fram eftir götunum
- Námskeið á vegum tækniskólans þar sem er verið að kenna fólki að redda sér í rafmagni!
- Adam bendir á að fólk megi gera hvað sem er á eigin heimili.
- Sett stórt spurningarmerki við að tækniskólinn sé að kenna þetta
- Þarf að skoða, Helgi mun taka það fyrir í öryggisnefnd
- Helgi segir að það sé mikilvægt að fara réttu leiðina í öryggismálum, það skili meiri árangri
- Áskorun að fagfélagið komi meira að úttektum frekar en að frumherji sjái um þær eða hvaða einka aðili sem er

Borgbór tekur undir að öryggismál skipti miklu máli og að lásarnir séu góð viðbót, að allir skuli vera með lásinn – Ekki misnota lásinn til innheimtuaðgerða eða annars – Öryggisreglur eru komnar inn í kjarasamningana.

Borgbór fer yfir FÍR og framhaldið, euroskills og fleira. Hvað vilja félagsmenn gera í framhaldinu?

Fyrir fimm árum þegar við tókum við FÍR vissu félagsmenn varla hvað FÍR var.

Borgbór minnst á RSÍ-Ung, kynningarmál ofl

Mikilvægt sé að fá konur inn í fagið

Ábending að þurfi að skoða rafbílanámið – Þá er spurning um að það sé hluti af sveinsprófi

Spurning um ákvæðisvinnu og hvernig gengur að uppfæra grunnin

Andri svarar að það gangi vel og að vonandi verði ný síða tilbúin í haust í kringum október/nóvember

Aðeins um 20-25 fundarmenn eftir í salnum, margir farnir og einhverjar ábendingar um að hefði þurft að stjórna fundi betur – Engin formleg ábending barst þó

Ábending að FÍR hefði átt að vera á staðnum þegar FB útskrifaði þúsundasta rafvirkjann

- Borgbór tekur undir að það hefði verið gaman að koma að þessu
- Borgbór tekur fram að það hafi verið svolítill vonbrigði að engin hafi boðið sig fram í stöður innan FÍR síðustu tvö ár.
- Einnig að hann hafi gaman að þessu starfi og sé ánægður með það fólk sem vinnur fyrir FÍR
- Borgbór tekur fram að hann sé ekki á því að ganga úr RSÍ hann sé félagsvera og telji hag FÍR betur búin innan RSÍ.

Fundarmenn voru í kringum 55 manns.



Félagsfundur FÍR

Fundi slitið 20:58

06/06 2019